

flokk af málum, hvar sem þau koma fyrir á landiau, og um alveg ótiltekinn tíma.

Yfirdómurinn verður þannig að álíta, að ofannefnt konunglegt Commissorium frá 26. septembermán. f. á. komi í bága við 42. gr. stjórnarskrárinnar, samanberna við 13. gr. hennar, að því leyti, sem Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni með því er veitt dómara- og fógetavald um allt land og um ótiltekinn tíma í öllum lögreglumálum, sem snerta fjárkláðasýkina, og hann því ekki hafi getað byggt á því myndugleika til að fara með og dæma mál það, sem hjer er undir áfrýjun.

Með því að málið þannig verður að skoðast sem dæmt af manni, er ekki hafði nægilega heimild til að sitja í dómarasæti, þá ber að dæma hinn áfrýjaða lög-reglurjettardóm og alla meðferð málsins í hjerði ómerkt. Allur málskostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 12 krónur til hvors, borgist úr opinberum sjóði.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmaet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði pólitirjettardómur og öll meðferð málsins í hjerði á ómerkt að vera. Allur málskostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanna Páls Melsteðs og Guðm. Páls-sonar, 12 kr. til hvors, borgist úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 12. nóvembermán.

Nr. 28/1877:

Rjettvísín

gegn

Sigvalda Halldórssyni.

Dómur.

Í sök þessari er |Sigvaldi Halldórsson ákærður fyrir

þjófnað, og er það með eigin játningu hans, er styðst við þær aðrar skýrslur, er hafa komið fram við rjettarprófin, sannað, að hann á áliðnu sumri 1876, úr högunum við Garðsvík í Svalbarðsstrandarhreppi í Þingeyjarsýslu, hefur tekið hryssu, um leið og hann var þar á ferð um næturtíma, og ríðið henni suður á Akranes. Seldi hann hana síðan fyrir 28 krónur, og með því að handhafi hryssunnar, þá er þjófnaðurinn komst upp, hefur skilað henni aptur til prófdómarans, til þess að hún yrði afhent eigandanum, er ekki spursmál um endurgjald hins stolna.

Að vísu bera rannsóknarprófin ekki með sjer, að virðing hafi verið lögð á hina stolnu hryssu, en með því að eptir aldri hennar og öðrum atvikum má með viðunanlegri vissu álíta, að söluverð hennar muni hafa verið nærri sönnu verði hennar, virðist ekki nægilegt tilefni til þess, að leita nýrra upplýsinga í þessi efni.

Fyrir afbrot þetta, sem af undirdómaranum í dómi þeim, sem uppkveðinn er fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu þann 9. ágúst þ. á., rjettilega er heimfært undir 231. gr. hegningarlaganna, ber hinum ákærða Sigvalda Halldórssyni, sem er fæddur 25. sept. 1844 og ekki hefur sætt hegningu fyrir nokkurt afbrot, að sæta hegningu, sem hæfilega virðist metin til betrunarhússvinnu í eitt ár, og breytist þannig dómur undirrjettarins, sem hefur ákveðið hegninguna til 3 ára betrunarhússvinnu. Að öðru leyti á undirrjettardómurinn óraskaður að standa að því, er hinn ídæmda málskostnað snertir. Hinum ákærða ber að greiða í málsfærslulaun hjer við rjettinn til hins skipaða sóknara, Guðm. málaflutningsmanns Pálssonar, og talsmanns, Páls málaflutningsmanns Melsteðs, 12 kr. til hvors þeirra.

Öll meðferð málsins í hjeraði, svo og sókn og vörn hjer fyrir rjettinum, vottast að hafa verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Sigvaldi Halldórsson á að sæta betr-
unarhúsvinnu í eitt ár. Að því, er málskostnað
snertir, á dómur undirrjettarins óraskaður að standa.
Sem málsfærslulaun til hins skipaða sóknara, mála-
flutningsmanns Guðm. Pálssonar, og hins skipaða
talsmanns, málaflutningsmanns Páls Melsteðs, hjer
við rjettinn, ber hinum ákærða að greiða 12 kr. til
hvors þeirra. Dóminum ber að fullnægja undir
aðför að lögum.

Nr. 19/1877: Jón Breiðfjörð og Ásbjörn Ólafsson
gegn

Jóni Oddssyni og Guðmundi Hannessyni.

D ó m u r.

Hinir stefndu hafa krafizt, að máli þessu verði vís-
að frá dómi fyrir þá sök, að tvö skjöl, sem lögð höfðu
verið fram fyrir undirrjettinum, sem nr. 18 og 19, og
ekki eru færð inn í undirrjettardómsgjörðirnar, hafi ekki
verið lögð fram fyrir yfirrjettinum, heldur tvö önnur skjöl,
sem enga áteiknun hafi um að hafa verið fyrir undir-
rjetti, og neita þeir, að skjölum þeim, sem lögð eru fram
fyrir yfirrjettinum, beri saman við skjöl þau, sem komu
fram fyrir undirrjettinum.

Með því nú að engin sönnun er fram komin gegn
neitun hinna stefndu fyrir því, að skjöl þau, sem fram
eru lögð sem nr. 5 og 6 hjer fyrir rjettinum, sjeu
samhljóða skjölum þeim, sem lögð voru fram, sem nr.
18 og 19 fyrir undirrjettinum, og þau þannig ekki
verða lögð til grundvallar fyrir úrslitum þessa máls
hjer fyrir rjettinum, þá ber að vísa málinu frá yfir-